

Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Fjórtíundi fundur haldinn í Skjólbrekku, mánudaginn 29. nóvember kl. 13.

Mætt voru:

- Alma Dröfn Benediktsdóttir.
- Arnór Benónýsson.
- Árni Pétur Hilmarsson.
- Helgi Héðinsson, formaður.
- Jóna Björg Hlökkversdóttir.
- Sigurður Böðvarsson.
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.
- Sveinn Margeirsson sveitarstjóri í fjarfundabúnaði.
- Sigríður Indriðadóttir, frá Saga Competence.
- Róbert Ragnarsson, frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Umsýsla verkefnisins

Dagbjört sagði frá því að búið er að skila inn greiðsluáætlun sameiningarframlaga til Jöfnunarsjóðs. Framlöggin verða greidd til nýs sveitarfélags á sjö árum og mun fyrsta greiðsla berast í júní 2022. Undirbúningsstjórn samþykkir að þátttakendur í starfshópum fái þóknun fyrir sín störf.

2. Staða á vinnu starfshópa

Formenn starfshópa fóru yfir stöðu verkefna. Búið er að stofna Teams svæði fyrir verkefnin.

- a. Stjórnsýsla og fjármál
- b. Fræðsla-, félagsþjónusta og frístundir
- c. Umhverfi, skipulag, atvinnu og nýsköpun

Vinna við verkefnin gengur vel og eru á áætlun.

Umræða um sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna og fjárhagsáætlanagerð.

3. Stjórnskipulag nýs sveitarfélags

Sigríður Indriðadóttir mannauðsráðgjafi hefur átt víðtækt samráð við starfsfólk og lagt fram minnisblað með hugmyndum að uppbyggingu stjórnskipulags. Þær hugmyndir eru í samræmi við þær tillögur sem kynntar voru í aðdraganda sameiningarkosninganna. Markmið þeirra tillögu var að byggja upp einfalt og skilvirkt stjórnskipulag sem byggir á styrkleikum beggja sveitarfélaga og styður við þau verkefni sem sveitarfélögin eru með í forgangi.

Í vinnu Undirbúningsstjórnar hefur þróast umræða um að byggja stjórnskipulag nýs sveitarfélags á dreifingu valds og verkefna. Í því felist m.a. það nýmæli að ekki verði ráðið í hefðbundið hlutverk sveitarstjóra heldur verði ráðnir þrír framkvæmdastjórar sem beri hver ábyrgð á sínu sviði. Framkvæmdastjórar myndi framkvæmdaráð sveitarfélagsins og starfi náið með sveitarstjórn.

Róbert hefur útfært stjórnskipulagið á myndrænan hátt og var það kynnt á fundinum.

Tryggvi lagði fram og reifaði minnisblað þar sem varpað er ljósi á ýmis álitamál sem tengjast hugmyndum að nýju stjórnskipulagi og hvernig væri hægt að mæta þeim.

Undirbúningsstjórn er sammála um að halda áfram þróun stjórnskipulags sem byggir á þremur sviðum og þremur stjórnendum, án hefðbundins sveitarstjóra. Sveitarstjórum, oddvitum og ráðgjöfum er falið að

útfæra og kostnaðarmeta nýtt stjórnskipulag á grundvelli svokallaðs tilraunaákvæðis í 132. gr. sveitarstjórnarlaga og afla umsagnar sveitarstjórnarráðuneytisins um þá leið.

4. Ferli við val á heiti á sameinað sveitarfélag

Málið var til umræðu á fyrsta fundi Undirbúningsstjórnar þar sem Róbert lagði fram minnisblað. Undirbúningsstjórn felur starfshópi um stjórnsýslu og fjármál að útfæra nánar verklag við val á nafni og einkennismerki nýs sveitarfélags.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

Næsti fundur verður boðaður 12. janúar kl. 13 í Reykjadal.